

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

**Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.**

Umdømissjóri  
Drøfn Sveinsdóttir.

Tíðindi úr Føroyaøkinum (Færeyasvæði) . Fundirnir hava verið hildnir, sum vanligt.

Fyrireikingarnar til tey vanligu tiltøkini í summar eru í gongd.

Rósurnar hava sínar innsavningar á Ólavsvøku.

Tórshavn hevur eisini eitt fast tiltak um Ólavsvøkutíðina, nevnliga happadráttarsølu, har teir luta burtur, føroyskt bygdan bát og hevur tann sølan altíð givið heilt væl av peningi. Fyri stuttleikar kann nevast, at ein av hesum bátum, varð vunnin av íslendingi.

Úr Eysturoy eru góð tíðindi um søluna av jólatrøum. Sølan har gav ca 2,5 milliónir ísl. kr. netto

Gávur til ymiskar felagskapir vóru ca. 700.000 ísl. kr.

10 ára veitslan hjá KW Eysturoy, sum ætlanin var at halda var avlýst vegna sera ringar veðurforsøgnir.

Økisfundur varð hildin 230314, men uppmøtingin var sera vánalig, eingin frá Rósunum, ein úr Tórshavn og 3 úr Eysturoy, umframt 2 fyrrverðandi økisstjórar og undirritaði, so fundurin varð ikki viðtøkuførur.

Vónandi verður uppmøtingin betri næstu ferð

Gleði meg til at sýggja tykkum 5 apríl.

Við Kiwanis kvøðum

Björgheðin Jacobsen  
Økisstjóri

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

## Skýrsla Internetnefndar til Umdæmisstjórnarfundar 5 apríl 2014.

Frá síðasta Umdæmisstjórnarfundi í janúar hefur starf Internetnefndar aðalega verið í upplýsingaöflun og fréttainnsetningu, en eins og allir vita þá voru skipaðir vinnuhópar á síðasta Umdæmisstjórnarfundi til að fara yfir tillögur Ragnars Arnar og var heimasíðan einn af þeim liðum þar á meðal og þess vegna er allar framkvæmdir við síðuna í biðstöðu þangað til niðurstöður liggja fyrir. Grunnur að rafrænni mánaðarskýrslu er klár og bara eftir að koma henni í forritun en spurning hvort það eigi ekki að bíða aðeins og sjá til hvaða niðurstöðu vinnuhópurinn hefur komið sér saman um málefnið sem snúa að heimasíðunni. Ég er kominn með tilboð í innranetskerfi til viðbótar við kiwanis.is og er það ætlað til hýsingar bæði á fundargerðum og öðrum gögnum og er þetta tilboð í tvennu lagi bæði með og án aðgangsstýringu sem að mínu mati er nauðsynleg því svona efni þarf að passa uppá að sé ekki aðgengilegt fyrir alla. Á síðasta fundi bað ég um leyfi til að fara út í vinnu við endurgerð kiwanis.is, breyta útliti og fara í allsherjar uppfærslu á vefnum, en það var líka sett á salt þangað til á næsta fundi í apríl, þannig að maður bíður spentur eftir niðurstöðu þessa fundar.

25 mars 2014.

Tómas Sveinsson formaður Internetnefndar.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

## Skýrsla stýrihóps um „Stífkrampa“ verkefnið til umdæmisstjórnarfundar 5. apríl 2014

Frá síðasta umdæmisstjórnarfundi hefur tími okkar farið í að undirbúa og kynna verkefnið meðal kiwanisfélaga og í að þróa samstarfið við Unicef. Það samstarf allt hefur gengið vel. Þrjá svæðisfundi höfum við farið á og kynnt verkefnið og rætt við klúbba um fyrirkomulag á söfnuninni. Allt góðir fundir og félagar áhugasamir. Þegar ljóst var að við myndum opna sögusýningu Kiwanis þann 20. mars miðaðist allur okkar undirbúningur við það. Ákveðið var að við myndum annast prentun á bæklingi til dreifingar og Unicef tæki að sér að gefa út annan bækling, heldur stærri og félagar myndu dreifa honum til fyrirtækja á sínu starfssvæði.

Helgin í Kringlunni tókst vel, þátttaka félaga mjög góð og allir gengu að verki með bros á vör. Sýningin var vel sett upp en þeir Óskar Guðjónsson og Sigurður R. Pétursson höfðu veg og vanda að því og nutu aðstoðar félaga úr Eldey og Heklu við uppsetningu. Hafi þeir allir heila þökk. Hið sama til allra þeirra sem vaktina stóðu og Eldeyjarmanna sem sáu um „annan enda“ sýningarinnar þar sem þeir sýndu myndband um verkefnið og Ísgolfið. Umdæmisstjóri Dröfn stóð vaktina alla dagana þrjá og hvatti sitt fólk.

Nokkrar fréttir komu af framtakinu í blöðum og við fengum inni í tveimur þáttum í útvarpi en okkur hefur ekki tekist að koma þessu í sjónvarp.

Framundan hjá okkur er að fylgja þessu eftir og vera í sambandi við klúbba um hvað þeir geta gert á sínu svæði til að kynna verkefnið og viðhalda upplýsingum á netinu um símanúmerið og aðra möguleika til að kynna máli.

Bráðlega verður sent bréf til margra stærri fyrirtækja og þau beðin um stuðning og bréfinu verður fylgt eftir með hringinum frá Unicef.

Það má segja að allir klúbbar hafi fengið bæklinga til dreifingar og við erum þessa dagana að dreifa fyrirtækjabæklingi og biðjum klúbbana að dreifa þeim á sínu starfssvæði.

Nauðsynlegt er minna alla á að fjölmörg tækifæri munu gefast til að koma þessu á framfæri og við verðum að vera vakandi yfir þeim. Við munum halda áfram að senda út til klúbba fréttir og tilkynningar og ég þakka svæðisstjórum fyrir þeirra þátt í því.

Aðeins með þátttöku margra munum við ná árangri og við höldum ótrauð áfram.

Fyrir hönd okkar í stýrihópnum

Ástbjörn Egilsson

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

## Skýrsla svæðisstjóra óðissvæðis vegna umdæmisfundar í Reykjavík 5,04,14.

Frá því á svæðisráðstefnuni á Vopnafirði 23,11,13 hefur svæðisstjóri farið á 1 umdæmisfund sem haldinn var í Reykjavík janúar 2014.

Ég hef farið í heimsókir í 2 klúbba frá áramótum, það eru Skjöldur og Drangey, en ekki má minnst á að fara í heimsókn í Emblur þá verður veðurguðinn alveg snarvitlaus.

Heimsókn til þeirra félaga í Grímsey verður að bíða fram á vorið.

Ég get ekki annað en verið nokkuð ánægður með það starf sem fram hefur farið í Óðinssvæði það sem af er þessu starfsári.

Það voru 162 félagar í upphafi þessa starfsárs, þar af eru skráðir 7 í leyfi, hættir 2 og 1 nýr félagi hefur bæst við og þess ber að gæta að skýrsluskil hafa verið góð eru nú 100%..

Alls hafa klúbbar á Óðinssvæði, unnið í 2175 kls.

Þeir hafa safnað í styrktarsjóð 3,693,050. Kr. Veitt styrki upp á kr 4,086,125.

Starfið í einstökum klúbbum er misjafnt eins og gengur.

Í Öskju eru 17 félagar þar af 1 í leyfi. mæting er 65% og með 170kls í vinnu, þeir hafa aflað 1,060,000 kr í styrktarsjóð og veitt styrki upp á 1,470,000.kr

Í Drangey eru 21 félagi, 1hættur og 1 nýr, mæting 70%, unnið 302 kls.

Emblur eru 11, eini kvennaklúbburinn á svæðinu, mæting 76%, unnið 161 kls og aflað 152,000 kr í styrktarsjóð.

Í Grím í Grímsey eru 20 félagar, þar af 3 í leyfi, mæting 58%, unnið 109 kls safnað 769,000 kr í styrktarsjóð og veitt styrki upp á 927,000 kr.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

**Herðubreið er minnsti klúbburinn eða 7 félagar, með 97% mætingu, unnið 35.kls, aflað 112,000 kr í styrktarsjóð og veitt styrki uppá 38,247kr.**

**Kaldbakur er 24 manna klúbbur með 73% mætingu, unnið 137 kls, aflað 150,000 í styrktarsjóð, veitt styrki upp á 50,000.kr. Þessi klúbbur er í langstærsta sveitafélaginu og ætti að geta verið miklu öflugri.**

**Skjálfandi er með 18 féлага og þar af 2 í frú , mæting 69%, með vinnu uppá 806 kls, aflað 1,474,050 kr í styrktarsjóð, veitt styrki uppá 1,610,878 kr.**

**Svo er það Skjöldur sem er stærstur í svæðinu eða nálægt 44 féлага með 59% mætingu, unnið 466 kls, og veit styrki upp á 40,000 kr.**

**Þess ber að geta að Skjöldur og Súlur voru sameinaðir í vetur og heita nú Kiwanis klúbburinn Skjöldur Fjallabyggð. Flestir félagar úr Súlum fóru í Skjöld.**

**Með Kiwanis kveðju  
Guðmundur k Jóhannesson  
Svæðisstjóri Óðinssvæðis.**

*Kiwanis eru alheimssamtök sjálfboðaliða sem hafa að*



*markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

**Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur**

## Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis til umdæmisstjórnarfundar 5. apríl 2014.

Svæðisstjórn Ægissvæðis skipa:

Svæðisstjóri:	Jóhanna M Einarsdóttir, Vörðu
Kjörsvæðisstjóri:	Magnús Eyjólfsson, Hofi
Ritari:	Margrét Guðleifsdóttir, Vörðu
Meðstjórnandi:	Björn B Kristinsson, Keili,
Fráf. svæðisstjóri:	Konráð Konráðsson, Eldey.

Haldinn hefur verið 1 svæðisráðsfundur frá síðasta umdæmisstjórnarfundum. Var hann haldinn 15. febrúar og var í umsjá Keilismanna. Var hann með sama sniði og áður þ.e. að engar skýrslur voru lesnar. Skýrslur forsetanna þóttu heldur innihaldslitlar og var því ákveðið að á næsta svæðisráðsfundi verði 1 skýrsla lesin og verði dregið í byrjun svæðisráðsfundar hvaða forseti fái þann heiður að lesa sína skýrslu. Er það von okkar að með þessu leggi forsetar meiri metnað í skýrslur sínar. Ástbjörn Egilsson og Óskar Guðjónsson komu á þennan fund okkar og kynntu stífkrapaverkefnið. Haldið var áfram að ræða samstarf og samvinnu í svæðinu í 2 umræðuhópum. Guðlaugur Kristjánsson, Eldey kynnti Keilumót Ægissvæðis sem haldið verður 17. apríl nk. sem er skemmtileg nýbreytni hjá okkur í svæðinu sem er vonandi komið til að vera.

Skýrsluskil hjá klúbbunum hafa verið með ágætum og hafa allir klúbbar skilað sínum skýrslum. Fjölgað hefur um 4 félagum í svæðinu það sem af er starfsárinu og er það raunfjölgun þar sem enginn félagi hefur hætt. Þegar þetta er skrifað hef ég heimsótt alla klúbba í svæðinu nema einn þ.e. Hof en hann verður heimsóttur nk. fimmtudag. Ég hef verið að velta því fyrir mér eftir þessar heimsóknir hversu margir félagar eru í leyfi í ákveðnum klúbbum og hver ástæða þess sé.

Í Ægissvæði eru 8 klúbbar og er starfið þar öflugt og starfa klúbbarnir þar af krafti og þó nokkuð um heimsóknir á milli klúbba.

Hjá Kiwanisklúbbnum Eldborg er nýafstaðin þeirra aðalfjáröflun Sjávarréttadagurinn. 11 Eldborgarfélagar heimsóttu Hof í Garði í febrúar. Félagar eru 45 og eru skýrsluskil þeirra ágæt og starf klúbbsins traust.

Eldey er stór klúbbur með 58 félagum. Fjáraflanir þeirra eru fjölbreyttar og hafa þeir nýverið afgreitt vinnureglur stjórnar, skýrsluskil þeirra eru í góðu lagi. Í febrúar fengu þeir heimsókn frá Dyngjukonum. Starf klúbbsins er traust og til mikillar fyrirmyndar.

Hof er fámennur klúbbur með 11 félagum. Það er mér áhyggjuefni að þeim skuli ekki fjölga og starfið að mestu unnið af nokkrum félögum. Þeirra aðal fjáröflun hefur verið flugeldasala í samstarfi við björgunarsveitina. Skýrsluskil þeirra eru ágæt og er starfið er traust.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

**Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur**

Hraunborg er klúbbur með 33 félagum og hefur fjölgað í klúbbnum um 1 félag. Þeirra aðalfjáröflun er Villibráðardagurinn. Hraunborgarfélagar fengu heimsókn frá 16 Eldfellsfélögum í janúar. Skýrsluskil þeirra eru með miklum ágætum sem og þeirra starf sem er í mjög föstum skorðum og til fyrirmyndar.

Í Kiwanisklúbbnum Keili eru 26 félagar, þeirra starf er traust og hafa þeir verið með ýmsar nýjungar í starfinu í vetur. 9 Keilisfélagar heimsóttu Vörðu í janúar. Keilir er með ýmsar fjáraflanir s.s. sölu jólatrjáa og auglýsinga á Kiwanisklukkuna og eru skýrsluskil þeirra til mikillar fyrirmyndar.

Í Setberg eru 15 félagar, þeirra aðalfjáröflun var götukort sem borið var í öll hús á þeirra svæði. Setbergsfélagar fengu heimsókn frá 20 Jörfafélögum. Skýrsluskil eru góð. Starf þeirra er traust og fer meðalaldur klúbbfélaga hækkandi. Ég hef bent Setbergsfélögum á þann möguleika að stofna annan klúbb í Garðabæ og er þar verkefni fyrir útbreiðslunefnd umdæmisins að kanna þann möguleika að stofna annan klúbb í samstarfi við Setbergsfélaga.

Í Sólborgu eru 29 félagar, þeirra aðalfjáröflunum er nýlokið þ.e. jólabingó og sala á jólasælgæti. Skýrsluskil þeirra eru með ágætum. Frá klúbbnum hafa komið umdæmisstjórar 2 ár í röð og því margir félagar uppteknir í starfi fyrir umdæmið bæði árin og væri skrítið að klúbbstarfið bæri þess ekki merki.

Varða er yngsti klúbburinn í svæðinu með 14 félagum. Skýrsluskil þeirra eru í góðu lagi. Vörðukonur hafa aflað styrktarfjár með konukvöldi og páskabingó. 3 félagar hafa verið teknir inn á starfsárinu. Í klúbbnum starfar mjög þéttur kjarni svo starf hans lofar góðu.

Í skýrslu minni hef ég hef ekki tekið saman tölur um veitta styrki eða fjáraflanir í styrktarsjóði þar sem það mun koma fram með skýrslu umdæmisritara.

Það hefur verið mjög ánægjulegt að fara í heimsóknir til klúbbanna í svæðinu og hefur mér alls staðar verið vel tekið og víða orðið miklar umræður um starfið í svæðinu og umdæminu.

Með Kiwaniskveðju

Jóhanna M Einarsdóttir  
Svæðisstjóri Ægissvæðis

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

**Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur**

*Kiwanis er alheimssamtök sjálfboðaliða er hafa að*



*markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*



## Skýrsla formanns þingnefndar til umdæmisstjórnarfundar 5. apríl 2014

Umdæmisstjóri, ágæta umdæmisstjórn.

Þingnefnd hefur átt 3 fundi frá skilum síðustu skýrslu og hefur í megindráttum skipt með sér verkum varðandi þann undirbúning þingsins sem unnt er að skipuleggja og vinna að á þessu stigi undirbúningsins. Aðstaða til þinghaldsins er tryggð og meginkostnaðarliðir eru ljósir. Kjörbréf fóru í póst í liðinni viku, sem og upplýsinga- og þátttökubréf til klúbba.

Þingið verður sett í Kópavogskirkju og móttaka að setningu lokinni verður í húsi Kw. Eldeyjar. Þjónustumiðstöð vegna þingsins verður í Safnaðarheimili Kópavogskirkju og þar verður aðstaða til fræðslu og fundahalds svo sem skipulag þess og þarfir munu kalla á. Þingið sjálft verður í Tónlistarhúsinu Salnum. Þinghaldið verður því á sömu torfunni, sem hlýtur að vera all nokkur kostur. Hátíðarsamkoma og dansleikur fer þó fram í Reykjavík, í Gladhömrum, miðaverð er umsamið kr. 8.500. per gest. Tekin hefur verið frá gisting á Hótel Hafnarfirði á frábæru tilboði, 15 tveggja manna herbergi. Makaferð verður vonandi það áhugaverð að þátttaka náist.

Gengið var frá fjárhagsáætlun vegna þinghaldsins um næst liðna helgi og verður þinggjald 2.750 kr. sem er einungis 50 kr. hækkun frá fyrra ári, þrátt fyrir félagafækkun um 26 félaga milli ára, en vel þarf að halda á spilum.

Breytt verður út frá venju með þingfána og hannað sérstakt merki og við það sparast verulegur kostnaður. Merkið er nú í hönnun.

Við Eldeyjarfélagar og þingnefnd öll hlökkum til að vinna frekar að undirbúningi og framkvæmd þingsins og væntum þess að það verði vel sótt og öllum sem að því koma til sóma.

Með kiwaniskveðju

Arnaldur Mar Bjarnason  
formaður þingnefndar

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.

Skýrsla umdæmisstjóra  
til umdæmisstjórnarfundar 5.apríl 2014

Ágætu Kiwanisfélagar. Í þessari skýrslu ætla ég að stikla á stóru um það sem drifið á daga mína frá sóðast umdæmisstjórnarfundum.

## Framkvæmdaráð.

Við í framkvæmdaráði höfum nánast komið saman tvistar í mánuði. Fulltrúar af landsbyggðinni hafa haft tök á að vera heima en verið með á fundinum í gengum fjarfundarbúnað. Á einn fundinn fengum við til okkar Óskar Guðjónsson þar sem hann fór yfir undirbúning á sögusýningunni í Kringlunni, skoðanakönnun sem hann var með og niðurstöður hennar. Óskar lagði fram tillögu um að koma Kiwanisfréttum á tímarit.is.

## Heimsóknir.

Ég hef verið á fundum hjá Kötlu, Jörfa, Dyngju, Hraunborg, Eldborg Básam og í afmæli hjá Skjálfanda. Var boðið að vera við villibráðadag hjá Eldborg en þar sem ég var á fundi hjá Básam kvöldinu áður og ekki flugveður morguninn eftir suður missti ég af þeirri veislu sem er miður en ekkert við því að gera. Stór fundur var boðaður í Mosfellsbæ þar sem einir sex klúbbar voru saman en einhverra hluta vegna fór sú dagsetning hjá mér ofan garð og neðan og því heima það kvöld, þótt mér það mjög miður að hafa ekki verið á þeim fundi sem var mjög vel heppnaður.

## Húsnæðismál.

Bíldshöfðinn er mikið á milli tanna félagsmanna og sitt sýnist hverjum í þeim málum. Sá klúbbur sem er hvað sáttastur með þessi húsakynni er Kiwanisklúbburinn Katla en þeir hafa fundað í salarkynnum hreyfingarinnar allt starfárið. Félagar í Kötlu hafa verið ötulir við að bjóða til sín félögum í klúbbunum í Reykjavík á fundi hjá sér með það að markmiði að þeir muni finna sér þann stað sem fundarstað. Þökk sé Kötlu. Höfði mun að öllu óbreyttu verða með sína fundi hér næsta starfsár og vonandi Jörfi einnig sem hefur nú misst sitt húsnæði en þeir hafa fundað á Park-inn hótél í Ármúla sem frá og með apríl verða rekið sem heilsuhótél. Á Bíldshöfða eru nú góð skilyrðir til þess að hafa fundi og félagar sem ekki eiga heimangengt geta með nútíma tækni verið með í gegnum fjarfundarbúnað. Þetta hefur sparð framkvæmdaráði talsverða peninga þar sem félagar okkar geta verið við sína tölvu heima en séð og heyrt allt sem fram fer. Nýtist þetta ekki bara umdæmisstjórn heldur líka þeim klúbbum sem þar fundu fyrir sína félaga sem ekki eiga heimangengt eða eru við vinnu lant frá heimahögunum.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.

## **Annað.**

Eins og fram kom á skýrslu minni fyrir síðasta fund þá stendur okkur til boða að senda 5 unglinga auk farastjóra í ungliðabúðir í Rúmeniu í lok júlí ég hef fengið Svavar Leó Guðnason til þess að fara sem farastjóri og sjá um undirbúning á þessari ferð en Svavar hefur farið sem fulltrúi okkar undanfarin ár. Svavar er nú komin með 4-5 ungmenni til þess að fara í þessar búðir og mun hann vera með fund með krökkunum sem og foreldrum þeirra föstgudaginn 4.apríl. Er ég mjög sátt við störf hans og veit ég að þarna er á ferð góður fulltrúi okkar og trú ég því að þarna mun umdæmið okkar enn á ný sýna hvað við erum að gera gott hér á landi. Þó svo að við séum ekki öflug í ungliðastarfi.

Dagana 20. - 22. mars var sett á laggirnar sögusýning hreyfingarinnar á göngum Kringlunnar, voru félagar úr all flestum klúbbum sem mættu og boðuðu fagnaðarerindið STOPP 1900 sem er eins og við vitum öll verkefni okkar með UNICEF stöðvum stífkrampa. Ég var full stolts af því að vera með félögum okkar þessa daga. Þarna gafst okkur tækifæri á að kynna hreyfinguna okkar um leið, þarna var flottur vettvangur fyrir okkur að kynna hreyfinguna okkar sem alltaf er talað um að við gerum ekki nóg af.

Einnig fengum við smá pláss hjá ljósvakamiðlum þar sem ég fór í viðtal hjá Rás1 ásamt framkvæmdastjóra UNICEF á Íslandi, auk þess að Ástbjörn fór í viðtal í síðdegisútvarpið á Rás2. Auk þessa var fjallað um þetta verkefni á nokkrum netmið,- og prent miðlum. Takk öll fyrir vel unnin störf.

Munum Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.

Dröfn Sveinsdóttir

umdæmisstjóri 2013-14.